



Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Hnjúkabyggð 33
540 BLÖNDUÓS

Garðabær, 15. janúar 2026
Málsnúmer: 202512-0011
MH

Efni: Breyting á aðalskipulagi Húnabyggðar vegna Blöndulínu 3

Vísað er til erindis Húnabyggðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 5. desember 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um auglýsta breytingartillögu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012–2022, vegna Blöndulínu 3.

Náttúrufræðistofnun veitti umsagnir um málið á fyrri stigum, þ.e. um skipulagslýsingu dagsetta 19. september 2024 og tillögu til kynningar á vinnslustigi dagsetta 14. júlí 2025. Auglýst skipulagstillaga er í megindráttum sú sama og áður hefur verið kynnt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir umfram það sem kemur fram í fyrri umsögnum stofnunarinnar en áréttar mikilvægi þess að gripið verði til viðeigandi mótvægisáðgerða vegna röskunar vistgerða með hátt verndargildi, í samræmi við umhverfismatsskýrslu. Þá tekur stofnunin undir álit Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrsluna, frá 9. desember 2022, um að í framkvæmdaleyfi þurfi að kveða á um vöktun á áflugi fugla. Í vöktunaráætlun skal meðal annar tilgreina hvaða svæði verða vöktuð, með hvaða hætti og á hvaða tíma, hvaða sérfræðingar komu að gerð áætlunarinnar og hverjir bera ábyrgð á framkvæmd vöktunarinnar. Jafnframt er æskilegt að framkvæmdir fari fram utan varptíma, sérstaklega skal forðast framkvæmdir í grennd við fáлкаóðöl á varptíma.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
Líffræðingur